

**614. fundur haldinn þriðjudaginn 17. ágúst 1999 kl. 09:00
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

Mætt:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Jón Kristjánsson, varaformaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Þórunn Gestsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
Haukur Birgisson, markaðsstjóri
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti.

1. Fundargerð 613. fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Erindi Iðnarráðuneytis vegna tilnefningar í faghóp í tengslum viðgerð Rammaáætlunar um nýtingu vatnsorku og jarðvarma.

Afgreiðsla: Samþykkt að tilnefna Val Knútsson í umræddan faghóp.

3. Erindi Alþingis varðandi umsögn um þingsályktun um umhverfismat vegna Fljótsdalsvirkunar.

Afgreiðsla: Formaður lagði fram tillögu að svari til Alþingis sem samþykkt var samhljóða.

4. Flokkun gististaða.

Nokkrar umræður urðu um stöðu verkefnisins og framkvæmd þess.

Afgreiðsla: Samþykkt var tillaga formanns um að gengið yrði til samninga við fyrirtækið Rekstur og ráðgjöf á Akureyri varðandi framkvæmd flokkunar á grunvelli verðhugmynda sem þeir hafa sent til ráðsins. Eftirtaldir voru tilnefndir í úrskurðarnefnd vegna flokkunarstaðals af hálfu ráðsins: Elías Gíslason, Pétur Rafnsson og Sigrún Magnúsdóttir.

5. Samningur um rekstur upplýsingamiðstöðvar á Egilsstöðum.

Afgreiðsla: Samningurinn samþykktur

6. Önnur mál

Formaður sagði frá viðræðum við útgefendur Iceland Review og frá ferð sinni um Eyjabakkasvæðið fyrr í mánuðinum. Nokkur umræða fór fram um öryggismál og gæðamál í ferðaþjónustunni og nauðsyn þess að ræða þau frekar í samvinnu við SAF að lokinni sumarvertíð.

Steinn Lárusson óskaði eftir að kannað yrði hvernig yrði með talningu erlendra ferðamanna í Keflavík eftir gildistöku Schengensamkomulagsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 11:00